



NEYTENDASTOFA

Ákvörðun nr. 2/2019

Fullyrðingar um virkni Lifewave vara

I.

Málsmeðferð

1.

Með bréfi Neytendastofu, dags. 14. september 2018, fór stofnunin fram á skýringar Óskars Á. Ársælssonar, rekstraraðila Facebook síðunnar Betri heilsa án lyfja á fullyrðingum um virkni ellefu Lifewave vara í auglýsingum en stofnuninni höfðu borist ábendingar vegna auglýsinganna.

Í bréfinu var vakin athygli á ákvæðum 5. gr., 4. mgr. 6. gr., 1. mgr. 8. gr. og b. liðar 1. mgr. 9. gr. laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu.

Þá var farið fram á í bréfinu að Betri heilsa án lyfja færði sönnur fyrir eftirfarandi fullyrðingum í markaðssetningu sinni á Lifewave vörum:

1. „*WINFIT. Stuðlar að minni líkamsfitu, minna ummál, stæltari vöðvum, aukinni orku, og betri heilsu. Sex þátta kerfi sem mótar líkamann á náttúrulegan hátt án erfiðis.*“
2. „*CORSENTIALS HEILSUPRENNNA sem samanstendur af:*
 - a. *Aeon ljósgjafinn. Minnkar streituáhrif og bólgur. Kemur jafnvægi á ósjálfráða taugakerfið.*
 - b. *Theta One. Einstök næringarefnablanda sem inniheldur m.a. ýmis næringarefni úr broddi (colostrum) sem stuðla að vexti og viðhaldi á öflugu ónæmiskerfi.*
 - c. *Theta Activate. Nýtt kerfi sem kemur næringarefnum hratt og örugglega til frumnanna og gefur þannig skjóta virkni.*“



3. „ALAVIDA ljósgjafi og dag- og næturkrem. Byltingarkennd húðmeðferð sem eykur glútaþíon meira en 47%. Eykur SOD meira en 27% sem hreinsar upp sindurefni. Rannsóknir sýna einstakan árangur.“
4. „ENERGY ENHANCER. Jafnar orkuflæði líkamans og eykur fitubrennslu um 22%. Eykur orku, styrkleika, liðleika og jafnvægi. Notað af mörgu heimsklassa íþróttafólki um allan heima. Viðurkennt af WORLD Anti-Doping Agency (WADA). Eykur þol og þrek í vöðvum.“
5. „SILENT NIGHTS MD. Náttúruleg leið til að bæta svefn. Eykur m.a. framleiðslu melatóníns. Einfalt í notkun og oft skjóttur árangur. Róar heilabylgjur og jafnar súrefnisflæði líkamans. Ein rannsókn leiddi í ljós að eftir aðeins 4 vikna notkun var 88% lengri svefn og 80% meira svefngæði.“
6. „ICEWAVE MD. Linar verki og sársauka á náttúrulegan hátt. 80% verkja minnka um meira en helming á innan við 10 mínútum. Draga úr hita og bólgum í líkamanum. Viðurkennt sem medical device. Notað á sjúkrahúsum í USA og UK.“
7. „ACULIFE. Virkar eins og ICEWAVE en er sérstaklega ætlaður fyrir verkjastillingu hjá dýrum, stórum og smáum. Hefur sterkari límflöt til að tolla betur og lengur. Nú þegar mikið notað fyrir hesta hér á landi.“
8. „SP6 LYSTARSTJÓRNUN. Stuðlar að minni matarlyst og dregur úr löngun í sætindi. Hjálpar til að koma jafnvægi á hormónakerfið. Auðveldar fólki að grennast án þess að finna til hungurs.“
9. „Y-AGE AEON. Minnkar streitu og streitumyndun. Dregur úr bólgum. Dregur úr kvíða. Bætir virkni frumulíffæra. Stuðlar að jafnvægi á ósjálfráða taugakerfinu. Eykur framleiðslu DHEA (master hormón).
10. „Y-AGE GLUTATHIONE. Eykur framleiðslu carnosine í heila- og vöðvafrumum. Hraðar lækningu sára. Eykur vöðvastyrk og dregur úr hrukkum. Gerir við skemmdar frumur og getur aukið líftíma þeirra um 300-400%. Ver DNA fyrir skemmdum. Eykur einbeitingu, hugsun, minni ofl.“
11. „THETA PURE PREMIUM. Viðheldur heilbrigðum beinum og vöðvastarfssemi, kalsíum magni í blóði, ofnæmiskerfi, heilastarfssemi, betri sjón, eykur líkamlega og andlega vellíðan, er 100% vegan. DHA er 1880mg í einum skammti sem er næstum tífalt meira en í heilsutvenninni frá Lýsi.“

2.

Svar rekstraraðilans barst með tölvupósti dags. 21. september 2018. Í svarinu kom fram að hann væri óháður dreifingaraðili hjá Lifewave.com og tengdist fyrirtækinu Betri heilsa án lyfja með engum hætti og að það væri ekki að finna í fyrirtækjaskrá. Ekki hafi verið um auglýsingu



að ræða heldur einblöðung sem hann gaf einstaklingum á heilsusýningu í ágúst 2018. Ekki hafi verið um kynningu á lækningum að ræða heldur leiðir til að halda sér við betri heilsu sem síðan e.t.v. myndi leiða af sér betra líf án lyfja, t.d. án notkunar verkjalyfja því að félagið bjóði upp á aðra lausn sem heitir IceWave. Í ljósi þess að hægt væri að fá vörur félagsins frá einungis 200 kr. og allir viðskiptavinir gætu, innan 30 daga, skilað vörunum og fengið að fullu endurgreitt, gætu ofangreindir viðskiptahættir ekki raskað verulega fjárhagslegri hegðun neytenda og því ætti 1. mgr. 8. gr. laga nr. 57/2005 ekki við. Í svarinu var að finna fjölmarga hlekkja á heimasíðu Lifewave í Bandaríkjunum (www.lifewave.com) þar sem vísað var í ýmsar umfjallanir og rannsóknir á ofangreindum vörum.

3.

Með bréfi dags, 9. október 2018, tók Neytendastofa fram að í upphaflegu bréfi stofnunarinnar hafi verið vísað til Facebook síðunnar Betri heilsa án lyfja, sem virðist vera upplýsinga- og sölusíða fyrir vörur Lifewave. Samkvæmt upplýsingum á síðunni sé Óskar Á. Ársællsson rekstraraðili síðunnar. Þar sé að finna auglýsingar á sömu vörum og birtast í auglýsingabæklingi sem vísað var til í bréfi Neytendastofu, dags. 14. september 2018. Benti stofnunin rekstraraðilanum á að í svarbréfinu væri að finna fjölda hlekkja sem vísuðu til umfjallana eða ýmissa rannsókna á þeim vörum sem óskað var eftir að færðar yrðu sönnur á, án þess þó að tilgreint væri með skýrum hætti hvar sönnun fullyrðinganna væri að finna. Með hliðsjón af þessu ítrekaði Neytendastofa ósk sína um að færðar væru sönnur á þær fullyrðingar sem fram kæmu í bréfi stofnunarinnar, dags. 14. september 2018, með skýrari hætti. Var óskað eftir svari innan fjórtán daga frá dagsetningu bréfsins.

Engin svör bárust Neytendastofu.

Með bréfi Neytendastofu, dags. 30. október 2018, ítrekaði stofnunin ósk sína um skýringar og athugasemdir frá fyrirsvarsmanni Facebook síðunnar Betri heilsu án lyfja og var honum veittur fjórtán daga frestur, en að þeim tíma liðnum mætti búast við að ákvörðun yrði tekin í málinu á grundvelli fyrirbyggjandi gagna.

Engin svör bárust Neytendastofu.

Með bréfi Neytendastofu, dags. 26. nóvember 2018, var rekstraraðila Facebook síðunnar Betri heilsa án lyfja tilkynnt að gagnaöflun væri lokið og að málið yrði tekið til ákvörðunar stofnunarinnar.



II. Niðurstaða

1.

Mál þetta var tekið upp í kjölfar ábendingar sem Neytendastofu barst vegna fullyrðinga á Facebook síðunni Betri heilsa án lyfja og í auglýsingabæklingi rekstraraðila síðunnar um virkni ellefu tilgreindra vara. Óskaði stofnunin eftir því að félagið færði sönnur á þær fullyrðingar sem birtar höfðu verið um virkni varanna.

Í svörum rekstraraðila Facebook síðunnar Betri heilsa án lyfja var því mótmælt að ofangreindir viðskiptahættir röskuðu verulega fjárhagslegri hegðun neytenda þar sem hægt væri að fá vörur félagsins frá 200 kr. og allir viðskiptavinir gætu, innan 30 daga, skilað vörunum og fengið að fullu endurgreitt. Því ætti 1. mgr. 8. gr. laga nr. 57/2005 ekki við. Einnig mátti í svörum félagsins finna fjölda hlekkja sem vísuðu til umfjallana eða ýmissa rannsókna á þeim vörum sem óskað var eftir að færðar yrðu sönnur á.

2.

Í lögum nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu er fjallað um það hvaða viðskiptahætti skuli viðurkenna og hverja ekki. Í 5. gr. er lagt almennt bann við óréttmætum viðskiptaháttum, áður en, á meðan og eftir að viðskipti með vöru fer fram eða þjónusta er veitt. Hvað teljist til óréttmætra viðskiptahátta er, skv. ákvæðinu, nánar tilgreint í III. – V. kafla laganna.

Í 4. mgr. 6. gr. laganna segir að fullyrðingar sem fram koma í auglýsingum eða með öðrum hætti þurfi fyrirtæki að geta fært sönnur á. Geti fyrirtæki ekki sannað fullyrðingar sínar geta þær verið til þess fallnar að vera villandi gagnvart neytendum og ósanngjarnar gagnvart keppinautum.

Í 1. mgr. 8. gr. laga nr. 57/2005 segir:

„Viðskiptahættir eru óréttmætir ef þeir brjóta í bága við góða viðskiptahætti gagnvart neytendum og raska verulega eða eru líklegir til að raska verulega fjárhagslegri hegðun neytenda. Viðskiptahættir sem brjóta í bága við ákvæði kafla þessa eru alltaf óréttmætir.“

Ákvæðinu er, skv. umfjöllun í greinargerð með frumvarpi til laga nr. 50/2008, ætlað að taka til viðskiptahátta sem hafa áhrif á ákvörðun neytenda um að eiga viðskipti. Við mat á því hvort um óréttmæta viðskiptahætti sé að ræða skv. ákvæðinu er litið til þess hvort háttsemin geri það að verkum að hinn almenni neytandi taki ákvörðun um að eiga viðskipti sem hann hefði ella ekki tekið og raski þar með fjárhagslegum hagsmunum hans eða hafi áhrif á fjárhagslega hegðun.



Í 9. gr. er um það fjallað að viðskiptahættir teljist villandi ef þeir eru líklegir til að blekkja neytendur, t.d. með almennri framsetningu þó gefnar séu upp réttar staðreyndir, eða ef neytendum eru veittar rangar upplýsingar í þeim tilgangi að hafa áhrif á ákvörðun þeirra um að eiga viðskipti. Í a.–g. lið málsgreinarinnar eru tilgreindar þær röngu upplýsingar sem átt er við. Í bréfi Neytendastofu var vísað til b. liðar 1. mgr. 9. gr. þar sem segir að átt sé við rangar upplýsingar um :

„b. helstu einkenni vöru eða þjónustu, t.d. notkun, samsetningu eða árangur sem vænta má af notkun hennar“

Þá segir í 2. mgr. 9. gr. laganna:

„Viðskiptahættir eru villandi ef ekki er greint frá upplýsingum sem telja má að almennt skipti máli fyrir neytendur eða þeim er leynt og þær eru til þess fallnar að hafa áhrif á ákvörðun neytenda um að eiga viðskipti.“

Skv. ákvæðinu teljast viðskiptahættir villandi ef fyrirtæki leynir upplýsingum sem skipta máli við ákvörðun um að eiga viðskipti eða þær eru veittar á óljósan eða margræðan hátt. Í greinargerð með ákvæðinu kemur fram að hafa megí þau atriði til hliðsjónar sem tilgreind eru í 1. mgr.

3.

Samkvæmt upplýsingum á Facebook síðunni Betri heilsa án lyfja er Óskar Á. Ársælsson rekstraraðili síðunnar. Þar er að finna auglýsingar á sömu vörum og birtast í umræddum auglýsingabæklingi Lifewave. Einnig er Óskar Á. Ársælsson kynntur sem dreifingaraðili Lifewave í þeim auglýsingabæklingi. Í ljósi þess er óumdeilt að hann beri sönnunarbyrðina fyrir umræddum fullyrðingum.

Umræddar fullyrðingar um Lifewave vörur eru afdráttarlausar að því er varðar virkni varanna og þann árangur sem neytendur mega vænta með notkun þeirra. Í svörum fyrirsvarsmanns Facebook síðunnar Betri heilsa án lyfja var að finna fjölda hlekkja sem vísuðu til umfjallana eða ýmissa rannsókna á þeim vörum sem óskað var eftir að færðar yrðu sönnur á. Hins vegar var ekki tilgreint með skýrum hætti hvar sönnun fullyrðinganna væri að finna í umræddum gögnum. Ofangreindar fullyrðingar eru því ósannaðar, sbr. 4. mgr. 6 gr. laga nr. 57/2005. Að því virtu telur Neytendastofa að ofangreindar fullyrðingar veiti rangar upplýsingar um helstu einkenni varanna. Þá telur Neytendastofa að upplýsingarnar séu líklegar til að valda því að hinn almenni neytandi sem auglýsingarnar beinast að, taki viðskiptaákvörðun sem hann myndi ekki annars hafa tekið. Þá eru fullyrðingarnar líklegar til að raska verulega fjárhagslegri hegðun neytanda. Óskar Á. Ársælsson hefur því brotið gegn ákvæðum 4. mgr. 6.gr., b. liðar 1. mgr. 9. gr. og 1. mgr. 8. gr. sbr. 5. gr. laga nr. 57/2005 með birtingu þeirra í markaðssetningu félagsins.



Neytendastofa telur rétt með vísan til 2. mgr. 21. gr. b. laga nr. 57/2005 að banna Óskari Á. Ársælssyni að viðhafa ofangreinda viðskiptahætti og beinir þeim fyrirmælum til fyrirtækisins að fjarlægja þær auglýsingar sem innihalda ofangreindar fullyrðingar af þeim samfélagsmiðlum þar sem fullyrðingunum hefur verið komið á framfæri, sem og öðrum miðlum.

IV.

Ákvörðunarorð:

„Óskar Á. Ársælsson, Sjávargrund 7b, Garðabæ hefur með birtingu fullyrðinganna:
„WINFIT. *Stuðlar að minni líkamsfitu, minna ummál, stæltari vöðvum, aukinni orku, og betri heilsu. Sex þátta kerfi sem mótar líkamann á náttúrulegan hátt án erfiðis.*“,
„CORSENTIALS HEILSUPRENNNA *sem samanstendur af: a. Aeon ljósgjafinn. Minnkar streituáhrif og bólgu. Kemur jafnvægi á ósjálfráða taugakerfið. b. Theta One. Einstök næringarefnablanda sem inniheldur m.a. ýmis næringarefni úr broddi (colostrum) sem stuðla að vexti og viðhaldi á öfluggu ónæmiskerfi. c. Theta Actvate. Nýtt kerfi sem kemur næringarefnum hratt og örugglega til frumnanna og gefur þannig skjóta virkni.*“,
„ALAVIDA ljósgjafi og dag- og næturkrem. *Byltingarkennd húðmeðferð sem eykur glútaþíon meira en 47%. Eykur SOD meira en 27% sem hreinsar upp sindurefni. Rannsóknir sýna einstakan árangur.*“, „ENERGY ENHANCER. *Jafnar orkuflæði líkamans og eykur fitubrennslu um 22%. Eykur orku, styrkleika, liðleika og jafnvægi. Notað af mörgu heimsklassa íþróttafólki um allan heima. Viðurkennt af WORLD Anti-Doping Agency (WADA). Eykur þol og þrek í vöðvum.*“, „SILENT NIGHTS MD. *Náttúruleg leið til að bæta svefn. Eykur m.a. framleiðslu melatóníns. Einfalt í notkun og oft skjóttur árangur. Róar heilabylgjur og jafnar súrefnisflæði líkamans. Ein rannsókn leiddi í ljós að eftir aðeins 4 vikna notkun var 88% lengri svefn og 80% meira svefngæði.*“, „ICEWAVE MD. *Linar verki og sársauka á náttúrulegan hátt. 80% verkja minnka um meira en helming á innan við 10 mínútum. Draga úr hita og bólgu í líkamanum. Viðurkennt sem medical device. Notað á sjúkrahúsum í USA og UK.*“, „ACULIFE. *Virkar eins og ICEWAVE en er sérstaklega ætlaður fyrir verkjastillingu hjá dýrum, stórum og smáum. Hefur sterkari límfliöt til að tolla betur og lengur. Nú þegar mikið notað fyrir hesta hér á landi.*“, „SP6 LYSTARSTJÓRNUN. *Stuðlar að minni matarlyst og dregur úr löngun í sætindi. Hjálpar til að koma jafnvægi á hormónakerfið. Auðveldar fólki að greinast án þess að finna til hungurs.*“, „Y-AGE AEON. *Minnkar streitu og streitumyndun. Dregur úr bólgu. Dregur úr kvíða. Bætir virkni frumulíffæra. Stuðlar að jafnvægi á ósjálfráða taugakerfinu. Eykur framleiðslu DHEA (master hormón).*“, „Y-AGE GLUTATHIONE. *Eykur framleiðslu carnosine í heila- og vöðvafrumum. Hraðar lækningu sára. Eykur vöðvastyrk og dregur úr hrukkum. Gerir við skemmdar frumur og getur aukið líftíma þeirra um 300-400%. Ver DNA fyrir skemmdum. Eykur einbeitingu, hugsun, minni ofl.*“, „THETA PURE PREMIUM. *Viðheldur heilbrigðum beinum og vöðvastarfssemi, kalsíum magni í blóði, ofnæmiskerfi, heilastarfssemi, betri sjón, eykur líkamlega og andlega vellíðan, er 100% vegan. DHA er 1880mg í einum skammti sem er næstum tífalt meira en í heilsubrennunni frá Lýsi“ brotið*



gegn gegn ákvæðum 4. mgr. 6. gr., b. liðar 1. mgr. 9. gr. og 1. mgr. 8. gr., sbr. 5. gr. laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu.

Með vísan til 2. mgr. 21. gr. b. laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, bannar Neytendastofa Óskari Á. Ársælssyni að viðhafa ofangreinda viðskiptahætti. Bannið tekur gildi frá dagsetningu ákvörðunar þessarar. Verði ekki farið að banninu má búast við að tekin verði ákvörðun um sektir á grundvelli IX. kafla laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu.

Með vísan til 2. mgr. 21. gr. b. laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, beinir Neytendastofa þeim fyrirmælum til Óskars Á. Ársælssonar að fjarlægja auglýsingar sem innihalda fullyrðingarnar þar sem þeim hefur verið komið á framfæri innan tveggja vikna frá dagsetningu ákvörðunar þessar. Verði ekki farið eftir fyrirmælunum má búast við að tekin verði ákvörðun um sektir á grundvelli IX. kafla laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu.“

Neytendastofa, 14. janúar 2019

Tryggvi Axelsson

Forstjóri

Þórunn Anna Árnadóttir